



Tilkynning frá Ríkisútvarpinu (RÚV)

- Samkomulag hefur náðst milli RÚV og eigenda skuldabréfs um frest á greiðslu á gjalddaga 1. október 2014 til áramóta án þess að dráttarvextir falli á RÚV.
- Fjárhagsstaða RÚV er erfið og ný úttekt sýnir að félagið er yfirskuldsett. Vandinn er að mestu vegna gamalla lífeyrissjóðsskuldbindinga.
- Umfangsmiklar niðurskurðaraðgerðir undanfarins árs duga ekki til að veða á móti niðurskurði á þjónustutekjum og útlit er fyrir tap á rekstrarárinu 2013-2014.
- Viðræður standa við stjórnvöld um að leysa úr langtímavanda.
- Þá er unnið að sölu eigna RÚV, m.a. lóðar og fasteigna.
- Þannig má grynnka á skuldum félagsins, ná umtalsverðri hagræðingu og lækka fjármagnskostnað.

Samkomulag hefur náðst milli RÚV og eigenda að skuldabréfi í 1. flokki 2000 um að RÚV greiði ekki af skuldabréfinu á gjalddaga 1. október 2014 heldur verði greiðslu frestað til 31. desember 2014. Uppsafnaður lausafjórvið RÚV veldur því að ekki er bolmagn til að greiða afborgunina, en hún er að upphæð um 190 m.kr. Jafnframt er samkomulag um að kröfuhafar beiti ekki vanefndaúrræðum af þessu tilefni og að ekki verði gengið að eignum Ríkisútvarpsins á þessu tímabili. Frestunin mun því ekki hafa áhrif á kjör skuldabréfsins og mun sú fjárhæð frestast bera sömu kjör og skuldabréfið þennan tíma og ekki hafa í för með sér kostnað í formi dráttarvaxta eða vanskilagjalda.

Áður hefur komið fram að fjárhagsstaða RÚV er erfið. Stjórn RÚV samþykkti í mars að fá sjálfstæða úttekt á fjármálum félagsins. Markmiðið var að fá skýra mynd af stöðu félagsins á þeim tímamarki sem nýir stjórnendur voru ráðnir til starfa. Endurskoðunarfyrtækið PWC gerði í kjölfarið úttekt þar sem fram kemur að vaxtaberandi skuldir félagsins séu verulega íþyngjandi fyrir félagið en þær eru nú um 5,5 milljarðar króna. Orðrétt segir í niðurstöðum úttektarinnar:

„Félagið er yfirskuldsett og skapar ekki nægt sjóðsstreymi til að standa undir greiðslum næsta árs afborgana og vaxtagreiðslna. Því er nauðsynlegt fyrir RÚV að minnka skuldir og auka veltufé til þess að tryggja rekstrarhæfi félagsins.“

Stærsti hluti skulda RÚV er vegna gamalla lífeyrissjóðsskuldbindinga félagsins, sem nýtt hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins yfirtók, en auk þess umtalsverð lánsfjármögnun sem vaxið hefur á síðustu árum.

Til að bregðast við mikilli skuldsetningu RÚV ákváðu stjórn og nýir stjórnendur félagsins í vor að hefja vinnu við að selja eignir og lækka skuldir. Unnið er að því um þessar mundir að undirbúa sölu hluta lóðar og húsnæðis RÚV til að létta á skuldum.

Sem kunnugt er réðst fyrri framkvæmdastjórn RÚV einnig í umfangsmiklar niðurskurðaraðgerðir í lok síðasta árs. Markmiðið var að koma rekstri RÚV í jafnvægi. Útlit er fyrir að tap á rekstrarárinu 2013-2014 verði þó umtalsvert eins og fram kom í afkomuviðvörðun sem birt var eftir að rekstraruppgjör fyrstu 6 mánuðina lá fyrir. Einnig er ljóst að niðurskurðaraðgerðir síðasta árs dugðu ekki til þess að jafnvægi næðist í rekstri RÚV miðað við þjónustutekjur yfirstandandi árs. Þegar litið er til bæði niðurskurðaraðgerða ársins 2013 og hagræðingaraðgerða, sem gripið hefur verið til í tíð núverandi framkvæmdastjórnar, þá er ljóst að meira þarf að koma til svo að núverandi tekjur standi undir starfsemi RÚV.

Ingui Hrafn Óskarsson, formaður stjórnar RÚV: „Stjórnendur félagsins hafa á undanföörnum misserum ráðist í umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir og sala eigna er í undirbúningi. Markmið þessara aðgerða er að greiða niður skuldir og minnka rekstrarkostnað. Umfang þess vanda, sem safnast hefur upp á mörgum árum, er hins vegar slíkt að fleira þarf að koma til. Er því nauðsynlegt er að ræða fjárhagsgrundvöll félagsins í samhengi við margbrotin lögboðin verkefni, og hafa stjórn og stjórnendur Ríkisútvarpsins átt í viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið að undanföörnu þar sem staða Ríkisútvarpsins hefur verið kynnt. Eins og kemur fram í fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi er fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins til skoðunar og væntum við þess að niðurstöður liggja fyrir fljótlega.“

Magnús Geir Þórðarson, útvarpsstjóri: „Það er ljóst að við erum ekki að enn laus við þann fortíðarvanda sem RÚV hefur lengi glímt við. Sjálfstæð fjárhagsleg úttekt staðfestir að skuldsetning RÚV er of mikil og það eru vonbrigði að sjá að rekstur RÚV var ekki kominn í jafnvægi eftir niðurskurðaraðgerðri fyrri framkvæmdastjórnar. Nú liggur fyrir nokkuð skýr mynd af stöðu RÚV og ég bind vonir við að menn vinni sameiginlega að því að treysta grundvöll RÚV og þannig skapa viðundandi aðstæður fyrir Ríkisútvarpið til að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem af því er vænst í lögum – og ekki síður af þjóðinni. Ríkisútvarpið er ein mikilvægasta lýðræðis- og menningarstofnun þjóðarinnar og við viljum tryggja að það standi undir nafni sem útvarp allra landsmanna.“